

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Njálgsgötureitur 3.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 26. september 2013, nýtt deiliskipulag fyrir reit 1.190.3, Njálgsgötureitur 3. Reiturinn afmarkast af Njálgsgötu, Barónsstíg, Bergþórugötu og Vitastíg.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kvosin, Hafnarstrætisreitur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 20. september 2013, breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna reits 1.118.5, Hafnarstrætisreits sem afmarkast af Hafnarstræti, Pósthússtræti og Tryggvagötu. Í breytingunni felst uppbygging við Tryggvagötu og stækkun reits til austurs. Einnig er gert ráð fyrir torgi á horni Pósthússtrætis og Tryggvagötu þar sem gert er ráð fyrir spennistöð og pylsuvagni.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Öskjuhlíð, lóð Ásatrúarfélagsins.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 20. september 2013, breytingu á deiliskipulagi Öskjuhlíðar vegna lóðar Ásatrúarfélagsins. Í breytingunni felst breyting á byggingarreit og lóðarmörkum ásamt fækkun bílastæða.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 24. október 2013.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 7. nóvember 2013